

Ed. 491. Frumvarp til laga [119. mál]

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. apríl.)

1. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. laganna bætist:

Heimilt er þó að leggja aðstöðugjald á þær stofnanir, sem um ræðir í 17. gr. c-lið.

2. gr.

e-liður 15. gr. orðist svo:

Að greiða 0.5% af árlegum tekjum sjóðsins til Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna starfsemi sambandsins og styrkja að öðru leyti, eftir ákvörðun ráðherra, tilraunir til að koma betra skipulagi og meira samræmi í framkvæmdir sveitarfélaga og samstarf sveitarfélaga.

3. gr.

17. gr. orðist svo:

Landsútsvör greiða:

- a) Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og Sölunefnd varnarliðseigna.
- b) Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðja ríkisins.
- c) Síldarverksmiðjur ríkisins, Viðtækjaverzlun ríkisins, Landssmiðjan og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.
- d) Oliufélag, sem flytja inn olíur, oliuvörur og annast sölu þeirra og dreifingu þeirra innanlands.

4. gr.

18. gr. orðist svo:

Fjárhæð landsútsvara skal vera sem hér segir:

- a) 5% af hagnaði ríkisfyrirtækja, samkv. 17. gr. a.
- b) 1½% af heildarsölu stofnana þeirra, sem um getur í 17. gr. b.
- c) Stofnanir þær, sem um ræðir í 17. gr. c, greiða landsútsvör, sem ákveðin eru með sama hætti og tekjuútsvör félaga, sbr. 32. gr. 2. tölulið, án fráviks frá útsvarsstiga, samkv. 34. gr.
- d) 1⅓% af heildarsölu oliufélaga, sbr. 17. gr. d.

5. gr.

20. gr. 2. mgr. orðist svo:

Fjórðungur landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skal koma í hlut þess, en ¾ hlutum skal ásamt hluta þeim af söluskatti og verðtolli, sem Jöfnunar-sjóði ber, samkvæmt lögum nr. 67/1964, skipta á milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. des. árið á undan, þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 60% af samanlögðum fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum gjaldársins, sbr. þó 15. gr. d.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fer um álagningu landsútsvara árið 1966 samkv. þeim.